



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við slit Háskólans í Reykjavík
9. júní 2001

Virðulegi rektor
nemendur, kennarar
og góðir gestir

Háskólinn í Reykjavík hefur á skömmum tíma unnið sér traustan sess í menntakerfi okkar Íslendinga. Hann hefur verið í fararbroddi við að ryðja braut margvíslegum nýmælum í skipulagi náms og kennslu, og veitt atvinnulífínu öflugt liðsinni með áherslu á sérfræðimenntun sem nauðsynleg er til að nýta til fullnustu þau fjölbreyttu tækifæri sem úrslitum ráða um vöxt og viðgang fyrirtækja. Háskólinn hefur eignast trausta bandamenn í íslensku athafnalífi og þátttaka og rannsóknir nemenda og kennara skólans hafa þegar skilað margvíslegum árangri.

Við höfum á nýliðnum dögum verið rækilega á það minnt að valt er að treysta því að afli aukist ár frá ári og brýnt er því að renna fleiri stöðum undir hagsæld okkar á komandi árum. Þótt sjávarútvegur og fiskvinnsla hafi verið burðarásar í velgengni Íslendinga á nýliðinni öld er ljóst að greinar byggðar á þekkingu og hugviti verða í vaxandi mæli að skila arði í þjóðarbúið ef okkur á að takast að halda okkar hlut í samanburði við aðrar þjóðir.

Skólar og rannsóknarstofnanir munu gegna lykilhlutverki í framþróuninni og því er gleðilegt að sjá að á undanförunum árum hefur vígstaða okkar til sóknar á þessu sviði verið styrkt til muna. Nýjar menntastofnanir hafa tekið til starfa og ýmsar eldri sniðið sér nýjan stakk, endurmenntun hefur verið fest í sessi með skipulögðum hætti og fyrirtæki og stofnanir kappkosta nú að opna starfsfólki sínu leiðir til þeirrar símenntunar sem gerir því kleift að takast á við nýjan tíma og nýjar kröfur.

Stofnun Háskólans í Reykjavík var merkur áfangi á þessari þróunarbraut og ég vil nota þetta tækifæri til að óska rektor, kennurum, nemendum, Verslunarráði Íslands og öllum aðstandendum skólans til hamingju með árangurinn.

Háskólinn í Reykjavík hefur ekki aðeins skilað góðu verki heldur hefur hann einnig verið öðrum aðhald og efling til dáða. Skólinn hefur á jákvæðan og stundum jafnvel ögrandi hátt stuðlað að endurmati á venjubundnum viðhorfum og gömlum gildum sem brýnt er að skoða með ferskum hætti. Hann hefur verið öflugur gerandi í þeirri nýsköpun sem við þurfum á að halda með þróttmiklu kennslustarfi, nýmælum í rannsóknum og samvinnu við virtar menntastofnanir erlendis um nýjar námsleiðir.

Það er stundum haft á orði að á Íslandi starfi of margir skólar á háskólastigi og vænlegra sé að efla fáa en fjölga þeim frekar. Kannski má færa margvísleg rök fyrir þessari skoðun en hitt sýnir reynslan að breytingarnar finna sér farveg ef krafa tímans kallar á þær og þeir skólar sem fyrir eru reynast ekki nægilegar fundvísir á nýjar leiðir. Í raun er það ekki fjöldi skóla sem úrslitum ræður heldur inntak og gæði menntunarinnar sem þar er boðin, hvernig nemendur standa sig í samanburði við aðra, bæði á vettvangi atvinnulífs og við framhaldsnám og rannsóknir. Í þessum efnum hefur Háskólinn í Reykjavík svo sannarlega gefið góð fyrirheit og ég vona að þið sem útskrift fagnið hér í dag munið á margvíslegan hátt njóta þeirra fræðslu og þjálfunar sem þið hafið fengið í þessum unga skóla.

Það hefur sjálfsagt aldrei verið jafn erfitt og nú að segja fyrir um hvers konar menntun muni helst hæfa atvinnulífi og þjóðfélagsþróun í framtíðinni. Við sem enn erum að eigin dómi á besta aldri vorum vön þeirri hugsun á skólaárum að menntunin væri bundin við ákveðin ár og nýttist svo við störf sem að mestu yrðu í föstum skorðum.

Nú er hins vegar viðurkennt að menntunin sé viðfangsefni alla ævi og hraði breytinganna kalli sífellt á nýja þekkingu og færni. Því skiptir mestu að ganga til verks með opnum og leitandi huga, nýta sér fyrri þjálfun til þess að öðlast meiri menntun og tengja saman störf og fræðslu með ferskum hætti. Þótt skírteini vitni um tiltekna getu og prófgráðan sé vissulega góður áfangi á þessari braut er menntuninni alls ekki lokið þegar skólavistin tekur enda.

Ég veit að ykkar góði rektor hefur gefið hinum nýja skóla slíka sýn í anda þess að verkefnið sé fyrst og fremst að gera ykkur betur hæf til að geta ein axlað þá ábyrgð sem ykkur verður falin og leita áfram að

þekkingu sem styrkir ykkur í sessi við sérhvert starf sem þið takist á hendur.

Ykkar bíður heillandi veröld, heimur nýsköpunar á öllum sviðum, heimur þar sem tækifæri einstaklinga eru næstum óþrjótandi. Aldrei fyrr í sögu Íslands hefur nýrri kynslóð verið boðið til leiks með jafn fjölbreyttum hætti og fyrirheit um árangur að finna á jafn mörgum sviðum.

Ég vona að gæfa fylgi ykkur á þessari braut og óska Háskólanum í Reykjavík allra heilla í framtíðinni. Megi þjóðin lengi njóta árangurs af ykkar störfum.